

AÐALFUNDUR 2018

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga

5.0

AFGREIÐSLA MARKMIÐA OG STARFSÁÆTLUNAR NÆSTA ÁRS

Helstu áherslur í starfi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga 2018-2019

lagðar fram á aðalfundi Fíh 24. maí 2018

Undirbúningur kjaraviðræðna og vinna við stofnanasamninga

Kjaramál hjúkrunarfræðinga taka mið af því að miðlægur kjarasamningur hjúkrunarfræðinga hjá ríkinu er bundinn í gerðardómi til mars 2019. Í haust mun því fara af stað undirbúningur fyrir miðlægu kjarasamningana næsta vor. Sérstök áhersla verður lögð á að ljúka endurnýjun þeirra stofnanasamninga sem enn eru ekki í höfn. Nokkrir þeirra eru í vinnslu og verður unnið ötullega að því af hálfu Fíh að ljúka þeim sem fyrst. Jafnframt verður klárað að innleiða bókun 3 hjá þeim stofnunum sem eftir eru en bókunin gengur út á að auka virkni stofnanasamninga með áherslu á frammistöðu hjúkrunarfræðinga.

Átak í fjölgun starfandi hjúkrunarfræðinga, samstarfsverkefni við aðra hagsmunaaðila

Áfram verður unnið að því að fá fleiri hjúkrunarfræðinga aftur til starfa, halda þeim sem fyrir eru í starfi og fjölga nemendum í hjúkrunarfræðinámi. Leitað verður leiða til að bæta launakjör og starfsumhverfið m.a. með endurskoðun vinnufyrirkomulags og -tíma, sem og draga úr álagi í starfi. Notaðar verða mikilvægar niðurstöður frá síðasta ári sem gefa skýra mynd af stöðunni en það eru skýrsla Fíh: *Hjúkrunarfræðingar óskast til starfa – vinnumarkaður hjúkrunarfræðinga*, skýrsla Ríkisendurskoðunar: *Hjúkrunarfræðingar, mönnun, menntun og starfsumhverfi* og niðurstöður könnunar meðal félagsmanna: *Viðhorf hjúkrunarfræðinga til starfsins - starfsánægja, vinnuumhverfi, aðbúnaður og líðan í starfi*. Verður þessum niðurstöðum fylgt eftir en þær gefa ótvíræða mynd af alvarlegri stöðu í starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga í dag.

Efla samráð í ráðum og nefndum um skipulagningu heilbrigðisþjónustu

Þátttaka og áhrif hjúkrunarfræðinga á skipulag heilbrigðisþjónustunnar er mikilvæg, enda eru þeir hryggjarstykkið í heilbrigðiskerfinu. Aukin áhrif verða meðal annars fengin með þátttöku í nefndum og ráðum á vegum yfirvalda, sem og veittum umsögnum og ályktunum um málefni er tengjast skjólstæðingum hjúkrunarfræðinga og þeim sjálfum.

Frekari þróun á starfssviði hjúkrunarfræðinga

Brýn nauðsyn er að auka skilvirkni í heilbrigðiskerfinu með þarfir skjólstæðinganna að leiðarljósi. Í því samhengi er nauðsynlegt að halda áfram endurskoðun starfssviðs hjúkrunarfræðinga svo þekking þeirra og reynsla nýtist sem best í starfi fyrir skjólstæðingana. Felur það m.a. í sér eflingu leiðtoga og stjórnenda innan stéttarinnar svo þeir geti betur tekist á við hið margbreytilega umhverfi íslensks heilbrigðiskerfis.

Frekari stefnumótun Fíh varðandi:

Menntun hjúkrunarfræðinga

Fíh styður áfram frekari menntun hjúkrunarfræðinga þar sem aukið menntunarstig hefur áhrif á gæði og öryggi þjónustu sem veitt er. Áfram verður boðið upp á ýmis námskeið fyrir hjúkrunarfræðinga. Aukin áhersla verður á velferð og málefni hjúkrunarfræðinga sjálfra og því verður haldið áfram að bjóða upp á námskeið til sjálfstyrkingar og betri líðan í starfi.

Jafnréttismál

Sérstök áhersla verður lögð á áframhaldandi vinnu í kjölfar #metoo-byltingarinnar og heldur vinnuhópur innan Fíh áfram störfum í samvinnu við önnur stéttarfélög og vinnustaði. Jafnframt verður haldið áfram að vinna að jöfnun kynjahlutfalls innan stéttarinnar og geta hjúkrunarfræðingar þannig í framtíðinni endurspeglað fjölbreytileika sinna skjólstæðinga sem þeir mæta hverju sinni.

Alþjóðlegt samstarf

Haldið verður áfram því alþjóðastarfi sem félagið tekur þátt í. Rödd íslenskra hjúkrunarfræðinga skiptir máli á alþjóðavettvangi, sérstaklega í sameinuðu afli hjúkrunarfélaga á Norðurlöndunum (SSN) sem þannig hefur haft mikil áhrif á alþjóðlegt hjúkrunarsamfélag.

100 ára afmæli Fíh 2019

Árið 2019 er 100 ára afmæli félagsins og verða margir og fjölbreyttir viðburðir til að fagna þessum tímamótum. Fjölbreytt dagskrá mun spanna allt árið og má þar nefna viðburði eins og opunarhátíð í upphafi árs, veglegan alþjóðadag hjúkrunarfræðinga, fjölskyldudag, ráðstefnu á Akureyri og sérstaka hátíðardagskrá í Hörpu. Deildir verða einnig með afmælisfagnaði og ennfremur mun rödd hjúkrunar heyrast skýrt og vera áberandi í íslensku samfélagi.